

Mánudaginn 18. júní 1984.

Nr. 30/1983. **Jón Bjarnason**

(sjálfur)

gegn

Ólafi Baldurssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. febrúar 1983. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 15.000.00 krónur með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, aðallega frá 15. desember 1981, en til vara frá 21. desember 1981 til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% frá þeim degi til greiðsludags, 38.00 krónur í stimpilkostnað og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslu stefnda, sem eigi hefur verið hnekktt, bauð hann þáverandi eiganda víxilsins, Svövu Þórðardóttur, greiðslu á víxlinum á heimili hennar hinn 21. desember 1981, en hún synjaði um viðtöku nema með því skilyrði, að stefndi greiddi dráttarvexti. Sama dag greiddi stefndi víxilfjárhæðina inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, og var það fullnægjandi greiðsla, sbr. 42. gr. laga nr. 93/1933, þar sem víxilhafi átti þá eigi rétt á dráttarvöxtum. Samkvæmt þessu og þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta héraðsdóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Bjarnason, greiði stefnda, Ólafi Baldurssyni,

11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. apríl sl., hefur Jón Bjarnason hrl., Bergstaðastræti 44 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. febrúar sl., gegn Ólafi Baldurssyni, nnr. 6743-4870, Rjúpu-felli 27 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 15.000.00 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. desember 1981 til greiðsludags, kr. 38.00 í stimpilkostnað og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, framlögðum reikningi eða ákvörðun dómara. Til vara krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða vexti af kr. 15.000.00 frá 21. desember 1981 til greiðsludags, en að öðru leyti eins og fram komi í aðalkröfu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, að öðru leyti en því, að hann býður fram greiðslu á kr. 675.00 í dráttarvexti og kr. 38.00 í stimpilkostnað. Ennfremur krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins.

Á bæjarþingi Reykjavíkur þann 11. febrúar sl. var máli þessu vikið til almennrar málsmeðferðar.

Sættir hafa árangurslaust verið reyndar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. víxli, útgefnum 15. október 1981 af sér, að fjárhæð kr. 15.000.00. Vixill þessi sé samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbanka Íslands í Reykjavík 15. desember 1981.

Stefnandi tekur sérstaklega fram, að mál þetta sé víxilmál og ekki komist aðrar varnir að í málinu en greini í 208. gr. laga 85/1936.

Stefnandi kveðst hafa fengið framangreindan víxil í hendur þann 21. desember 1981 frá Svövu Þórðardóttur og hafi hann ritað stefnda kröfubréf næsta dag. Síðan hafi hann ekki heyrt frá stefnda fyrr en snemma á árinu 1982, en þá hafi stefndi tjáð sér, að hann hefði greitt höfuðstól skuldarinnar inn á geymslureikning.

Stefnandi kveðst ekki halda því fram, að framangreindur víxill hafi verið sýndur til greiðslu á greiðslustað. Skv. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafi skortur á sýningu ekki áhrif á greiðsluskyldu samþykkjanda víxils og hafi stefnda því verið óheimilt að greiða víxilfjárhæðina á geymslureikning. Ennfremur hafi skuldareiganda ekki borist nein tilkynning um greiðslu þessa. Framangreind greiðsla stefnda á geymslureikning hafi því ekki réttar-áhrif, þar sem skilyrðum laga um geymslufé hafi ekki verið fullnægt.

Stefndi hafi því kallað yfir sig þann kostnað, sem af þessu leiddi.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að samkomulag hafi orðið með skuldareiganda og stefnda um að greiða hina umstefndu víxilskuld þann 21. desember 1981 að Vesturbergi 78 í Reykjavík. Skv. grundvallarreglu 27. gr. víxillaga hafi verið heimilt að semja um greiðslustað víxilsins og hafi stefnda verið sýndur víxillinn til greiðslu á umsömdum stað og tíma. Hafi stefnda borið að greiða a.m.k. höfuðstól víxilsins við þetta tækifæri, sbr. 2. mgr. 39. gr. víxillaga.

Stefndi býður stefnanda greiðslu á kr. 675.00 í dráttarvexti og kr. 38.00 í stimpilkostnað. Við munnlegan málflutning lýsti stefndi yfir því, að hann teldi sig ekki skyldan til að inna greiðslur þessar af hendi, en þrátt fyrir það krefjist hann sýknu gegn greiðslu framangreindrar fjárhæðar.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að víxill sá, er mál þetta sé af spröttið, hafi eigi verið sýndur til greiðslu á greiðslustað á tilskyldum tíma, sbr. 38. gr. laga nr. 93/1933, og hafi honum því verið heimilt að koma víxilfjárhæðinni í geymslu í Landsbanka Íslands, sbr. 42. gr. laga nr. 93/1933 og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 1964, bls. 197.

Stefndi kveðst hafa boðið fram greiðslu víxilsins í Landsbanka Íslands á gjalddaga, en þar sem víxillinn hafi ekki verið til staðar í bankanum, hafi honum reynst ómögulegt að greiða víxilinn á greiðslustað hans. Eftir að þetta hafi komið í ljós, hafi orðið samkomulag með sér og víxileiganda, Svövu Þórðardóttur, um, að víxillinn yrði greiddur án vaxta að Vesturbergi 78 þann 21. desember 1981. Stefndi kveðst þar og þá hafa boðið fram greiðslu höfuðstóls víxilsins gegn afhendingu hans, en þá hafi víxileigandi krafist greiðslu á kr. 800.00 í vexti auk höfuðstóls. Ekki hafi víxileigandi sýnt sér víxilinn til greiðslu. Stefndi kveðst hafa talið sér óskylt að greiða víxilinn, er svo hafi verið komið, og greitt höfuðstól hans á geymslureikning í Landsbanka Íslands samdægurs og hafi hann sent víxilhafa, þ.e. Svövu Þórðardóttur, tilkynningu um fyrrnefnda greiðslu þann sama dag í almennu bréfi.

Stefnandi hefur lagt fram víxil, sem er lögformlegur, sbr. I. kafla laga nr. 93/1933. Stefndi hefur sérstaklega lýst því yfir, að mál þetta sé víxilmál og eigi komist aðrar varnir að í málinu en þær, er greini í 208. gr. laga nr. 85/1936. Varnir stefnda eru þess eðlis, að þær falla undir fyrrnefnda 208. gr., og fá því komist að í máli þessu.

Svo sem heimilt er skv. 4. gr. laga nr. 93/1933, er skráð á hinn framlagða víxil, að hann skuli greiða í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Ágreiningslaust er, að víxill þessi var ekki sýndur til greiðslu í Landsbanka Íslands dagana 15., 16. eða 17. desember, svo sem 38. gr., sbr. 4. gr. víxillaga býður. Greiðslufall víxilsins hefur ekki verið sannað með afsagnargerð dagana 16. eða 17. s.m., sbr. 3. mgr. 44. gr. og 91. gr. i.f. sömu laga. Ekki

verður heldur talið sannað gegn andmælum stefnda, að víxill þessi hafi verið sýndur honum til greiðslu í annan tíma. Var stefnda því rétt að koma víxilfjárhæðinni til geymslu á kostnað og ábyrgð víxilhafa, sbr. 42. gr. víxillaga, sbr. og 7. gr. laga nr. 9/1978. Fjárhæð víxilsins lagði stefndi hinn 21. desember 1981 inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Telja verður ósannað gegn andmælum stefnanda, að honum hafi borist tilkynning um greiðslu þessa. Vanræksla stefnda á að senda á tryggilegan hátt tilkynningu um margnefnda greiðslu haggar þó ekki gildi innborgunarinnar á geymslureikninginn sem slíkrar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hafa eigi orðið vanskil á greiðslu víxilfjárhæðarinnar, og hefur krafa, sem byggð er á þeim vanskilum, því ekki lagastöð.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefnda ber einungis að greiða stefnanda fjárhæð þá, sem hann hefur fram boðið, það er krónur 713.00. Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Mál þetta dæmir Drífa Pálsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla embættisanna fulltrúans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni, kr. 713.00, að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Málkostnaður fellur niður.
